



Icelandic Museum
of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Náttúruminjasafn Íslands samfélagslegt hlutverk

Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Erindi flutt á námskeiðinu *Safn og samfélag: Sirkus dauðans?* (SAF603M).
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands - Félags- og mannvísindadeild - 11. mars 2021.

Náttúruminjasafn Íslands

- Stofnað 2007 – afsprengi HÍN (~130 ára barátta)
- Er **höfuðsafn**. Starfar skv. lögum nr. 35/2007 og 141/2011.
- **Miðlun** er meginhlutverk Náttúruminjasafnsins:
 - að varpa ljósi á náttúru landsins, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda með sýningahaldi, útgáfu og annarri miðlun og tryggja þannig og vernda með starfsemi sinni menningar- og náttúruarf Íslands og aðgengi almennings að gæðunum.
- Helstu verkefni auk miðlunar:
 - söfnum, skráning, varðveisla og rannsóknir á fræðasviði sínu.
- Fjárskortur háð starfseminni lengst af, þar til 2017.
 - Fjárveitingar nær óbreyttar 2007–2016, um 25 m.kr./ári.
 - Hvorki eigin sýningar- né skrifstofuaðstaða, fyrr en nú (hillir undir það árið 2023).
- **En nú er öldin önnur!**
 - 2017: Fjárheimild úr 25 í 45 m.kr.
 - 2018: Fjárheimild úr 45 í 75 m.kr. + 290 m.kr. sýning í Perlu.
 - 2019: Fjárheimild 86 m.kr.
 - 2020: Fjárheimild 96 m.kr. (106 m.kr. 2021 + 30 m.kr.).

Náttúruminjasafn Íslands – lögboðin „samfélagsleg“ hlutverk

Náttúruminjasafnslög nr. 35/2007, 2 gr.:

„Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er **að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd**, auk þess **að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi**.

Náttúruminjasafnið **safnar munum** sem henta starfsemi þess, **skráir þá og varðveitir**. Safnið **aflar upplýsinga** sem veita **yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda** innan lands og utan og **annast kynningu** með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að **veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru**. Safnið skal **miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings**. Safnið **annast rannsóknir á starfssviði sínu**.

Náttúruminjasafn Íslands **veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu** þeirra hér á landi og **vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða**.

Náttúruminjasafnið skal **eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir** á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila. “

Náttúruminjasafn Íslands – lögboðin „samfélagsleg“ hlutverk

Safnalög nr. 141/2011

„1. gr. Tilgangur.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að **efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.**“


3. gr.

„Í starfi sínu skulu **söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.**“

Forsagan, ræturnar

Hið íslenska náttúrufræðifélag (HÍN) – stofnað 1889 (1887)

Frumkvöðlarnir - námsmenn við Hafnarháskóla, flestir í náttúrufræðum.



...ásamt Þorvaldi Thoroddsen jarðfr., Birni Jenssyni stærðfr. og yfirkennara og Jónasi Jónassyni landlækni. Undir handleiðsu próf. Japetusar Steenstrup safnstjóra Zoologisk Museum, sem var í fararbroddi náttúrufræðisafna í Evrópu upp úr miðri 19. öld.

Meginmarkmið HÍN (2. lagagr.): „að koma upp sem fullkornustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“.

Forsagan, ræturnar

Gröndalshús, hús Benedikts Gröndals, fyrsta formanns Hins íslenska náttúrufræðifélags, fyrsta aðsetur náttúrugripasafns félagsins.



Síðar voru aðsetur sýninga hjá **Náttúrugripasafni Íslands** (1951), þá **Náttúrufræðistofnun Íslands** (1965) og nú síðast **Náttúruminjasafni Íslands** (2007).

Safnahúsið, Hverfisgötu

Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim



- Samsýning 6 safna: Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands.
- Opnuð 20. apríl 2015. Lok 14. apríl 2021. Fyrsta sýning Náttúruminjasafnsins!
- Föst grunnsýning og minni, tímabundnar sérsýningar og kjörgripassýningar.
- *Geirfugl † Pinguinus impennis – aldauði tegundar – síðustu sýnin.*
Frá sérsýningu Náttúruminjasafnsins og Ólafar Nordal.

Perlan

VATNIÐ í Náttúru Íslands

- Sérsýning á vegum Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni. Opnuð 1. desember 2018.
- Fyrsta sýning Náttúruminjasafnsins hönnuð frá grunni af safninu í sérými sem safnið ræður yfir.
- Samstarf við Perlu norðursins ehf/hf.
- Gestafjöldi árið 2019: ca. 200.000 (188.191) (um 500.000 í Perluna) – aðsóknarmet!
- **RedDot** hönnunarverðlaun 2019 með Gagarín.

VATNIÐ í Náttúru Íslands

Samfélagslegar og faglegar forsendur að baki sýningunni

Af hverju vatn?

- Vatn er undirstaða lífs.
- Vatn er óvenju ríkur og einkennandi þáttur í náttúru Íslands.
- Fjölbreytileiki vatns og votlendis hvers konar er óvenju mikill.
- Vatnalífríki um margt sérstakt og góð þekking fyrir hendi.
- Vistfræði-, efnahags- og samfélagslegt mikilvægi óvenju þýðingarmikið.

Önnur sjónarmið:

- Rímar vel við hlutverk Perlunnar.
- Takmarkað sýningarými - setur efnistöfum og umfangi sýningar mörk.
- Forðast endurtekningu og skörun við sýningaratriði á vegum Perlu norðursins hf.
- Eiga sýningarefni í handraðanum til seinni tíma!

VATNIÐ í Náttúru Íslands

Samfélagslegar og faglegar forsendur

Markmið og tilgangur

- Sýningin endurspeglir **fjölbreytileika, fegurð og furður** í náttúru vatns á Íslandi og **efli með því móti umhverfisvitund og virðingu** gagnvart náttúrunni.
- Sýningin höfði til fróðleiksfúsra landsmanna og erlendra gesta, fólks á öllum aldri en **einkum þó barna (vatnskötturinn, safnakennarar, sérsýningar)**.
- Áhersla á **lifandi sýningaratriði og virka þátttöku** gesta. Miðlun efnis skal vera upplýsandi, fræðandi og hvetjandi. Efnið sett fram með frumlegum og nýstárlegum hætti.
- Að lokinni heimsókn eiga gestir að vera **fullir aðdáunar og væntumþykju** til náttúrunnar og upplýstari en áður um náttúru vatnsins og mikilvægi náttúrunnar og náttúrulegra ferla sem undirstöðu lífs og forsendu fyrir farsælli framtíð og búsetu í landinu.

VATNIÐ í Náttúru Íslands

Samvinna við Perlu norðursins hf./ehf.

- Samvinna milli ríkisstofnunar og einkageirans –
nýtt fyrirkomulag í sýningahaldi! –
byggist á afnotasamningi (30.8.2018) sem gildir í 15 ár.
Perla norðursins með samning við Reykjavíkurborg um afnot af öllu húsinu til 25 ára.

Úr afnotasamningnum:

„4. Rekstur húsnæðis og sýninga í því á afnotatíma.

4.1. PN tekur ákvarðanir um aðgangseyri og afsláttarkjör að öllum sýningum í Perlunni. Greiddur aðgangseyrir veitir aðgang að öllum sýningum í Perlunni. Allar tekjur af aðgangseyri að sýningum í Perlunni renna óskiptar til PN.

PN ákveður opnunartíma sýninga í Perlunni og skal sýning NMSÍ vera opin á sama tíma og náttúrusýning PN.

4.2. PN greiðir allan almennan rekstrarkostnað, þar með talinn vatns-, hita-, rafmagns-, ræstingar-, gæslu- og öryggiskostnað, fyrir það húsnæði NMSÍ hefur til afnota og aðgang að.

4.3. PN greiðir allan annan fastan kostnað sem tengist húsnæðinu svo og öll opinber gjöld og brunatryggingariðgjald.“

VATNIÐ í Náttúru Íslands

Gagnvirk sýning – virk þátttaka gesta - margmiðlun
Lagskipt sýning – gestir stýra gagnamagn!
Sniðin að börnum og ungmennum



VATNIÐ í Náttúru Íslands

Safnkennsla og fræðsla – heimsóknir skólahópa

- Rík áhersla á kennslu og fræðslu fyrir skólahópa, endurgjaldslaust
- Tveir safnkennarar hjá Náttúruminjasafninu starfa við svinguna.
- Framsetning á efni tengist hæfniviðmiðum aðalnámskrifur.
- Markmið: efla náttúrulæsi og virðingu meðal barna og unglinga fyrir náttúru.

- Skólabörn á mið- og efsta stig grunnskóla leysa margvísleg verkefni:

Vatnið sem auðlind

Veður og loftslag

Myndun og mótun lands

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Þróun lífvera

VATNIÐ í Náttúru Íslands

Safnkennsla og fræðsla - fjölskylduviðburðir

Fyrsta sunnudag í mánuði er boðið upp á sérstaka viðburði fyrir fjölskyldufólk.

Safnkennarar og sérfræðingar Náttúruminjasafnsins ásamt samstarfsaðilum, s.s. vísindafólki frá HÍ, segja frá og fræða kynna afmarkað efni. Markmið að efla náttúrulæsi og virðingu meðal barna og unglunga fyrir náttúru.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

prentefni – vefsetur (nmsi.is) – Facebook-síða – Instagram reikningur



- **Náttúrufræðingurinn**

Tímarit Náttúruminjasafnsins og HÍN (frá 2014). Komið samfelld út frá 1931. 4 hefti á ári, um 160 bls. Alþýðlegt fræðslurit um með áherslu á rannsóknir á náttúru Íslands.

- **Jón lærði og náttúrur náttúrunnar**

Viðar Hreinsson bókmenntafr..

Gefið út 2016 af Lesstofunni með stuðningi Náttúruminjasafnsins.

- **Ævisaga Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings**

Sigrún Helgadóttir líffræðingur, kennari og rithöfundur, með aðstöðu á Náttúruminjasafninu frá 2015. Tveggja binda verk. Gefið út af Náttúruminjasafninu. Útgáfa vorið 2021.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

Rannsóknir, skráning og varðveisla

„Rannsóknir á náttúruarfinum liggja til grundvallar varðveislu hans og miðlunar áreiðanlegra upplýsinga um hann. Án faglegra rannsókna er hætt við rangtúlkunum, misskilningi og upplýsingatapi.“ (Úr stefnu NMSÍ)

- Rannsóknir NMSÍ ..., „óaðskiljanlegur undirstöðuþáttur í starfsemi safnsins.“
- Rannsóknáherslur endurskoðaðar á 3–5 ára fresti.

Tvö megin svið:

1. Fágæti og sérstaða náttúru Íslands, einkum m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni og áhrifa loftslagsbreytinga.
2. Rannsóknir á sviði bókmennta, sagnfræði og mannvistfræða, fjallað um náttúrusýn og samskipti manna við náttúruna á Íslandi fyrr á öldum.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

Líffræðileg fjölbreytni – uppruni og eðli

Umsjón: Skúli Skúlason prófessor



- **Vistfræði og þróun – fjölbreytni íslenskra ferskvatnsfiska**

Viðamiklar langtímarannsóknir í vist-, þróunar- og þroskunarfræði (e. *eco, evo, devo*) ferskvatnsfiska. MS- og PhD-nemar við HÍ, HHólum og háskóla erlendis – RANNÍS-styrkir og erlendir styrkir.

- **Eðli og verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni**

Rannsóknir um verðmætamat á breytileika í náttúrunni og tengslum líffræðilegrar fjölbreytni við umhverfið. Fengist við heimspeki- og líffræðilegar kenningar og tengsl þeirra við stefnur og strauma í náttúruvernd og stefnumótun um málefni náttúrunnar.

Samtarf við HÍ, HHólum, Univ. of Northern British Columbia, Kanada. o.fl.

- **Líffræðileg fjölbreytni náttúru á Íslandi – fræðsluefni og stafræn gagnagátt**

Byggja upp þekkingargrunn um líffræðilega fjölbreytni og miðla til almennings, skóla og stjórnarsýslu. Setja á fót stafræna, gagnvirka upplýsingagátt opna almenningi um líffræðilega fjölbreytni.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

Fornlíffræði rostunga við Ísland

Umsjón: Hilmar J. Malmquist



Rannsóknir á jarðfundnum beinaleifum rostunga á Íslandi. Á þriðja hundrað beinaleifa rostunga, þær elstu um 9000 ára gamlar, hafa fundist á um 230 stöðum víðs vegar um Ísland, einkum vestanlands. C-14 aldursgreiningar og aDNA-greiningar á beinaleifum og gripum. Samstarf við HÍ, Fornleifafraeðistofuna ehf., Hafnarháskóla o.fl.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

Stafrænt líkan af beinagrind íslandssléttbaks

Umsjón: Hilmar J. Malmquist

Íslandssléttbakur (*Eubalaena glacialis*) var algengur hér við land og mikilvægur í hvalveiðum Baska og fleiri þjóða í norðurhöfum langt fram á 19. öld. „Í dag er tegundin alfriðuð, í bráðri hættu og miklar líkur taldar á að hún deyi út á næstu áratugum ef ekkert er að gert.

Beinagrindur tveggja íslandssléttbaka sem veiddir voru við Ísland 1891 og 1904 er að finna í kjallara Zoologisk Museum í Kaupmannahöfn. Ekkert eintak er til hér á landi.



Árið 2017 hafði Náttúruminjasafnið forgöngu um hágæða þrívíddarskönnun á annarri beinagrindinni með það að markmiði að tryggja a.m.k. stafræna varðveislu á beinagrind tegundarinnar. Samstarf við Rigsters Zoologisk Museum, Statens Naturhistoriske Museum og Hafnarháskóla.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

Náttúrusaga – Náttúrusýn

Umsjón: Viðar Hreinsson

- **Hvað er náttúra?**

- Markvisst endurmat á þekkingu, skilningi, hugmyndum, hugtökum og afstöðu til náttúrunnar í sögulegu ljósi með hliðsjón af hug-, félags- og raunvísindalegum þáttum.

Þverfagleg aðferð til að mæta aðsteðjandi ógnum og vám í náttúru og umhverfi.

- 1) Fyrirlestraröð 2021-22.
- 2) Birting á fræði- og fræðsluefni.

- **Staða Jóns lærða í norrænni vísindasögu**

Rannsókn á framlagi Jóns lærða til náttúrufræða í Evrópu – ritverk, teikningar o.fl.

Samtarf við HÍ, Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og Equipoisie Imaging, Boston, USA.

- **Náttúrur í fornum frásögnum**

Náttúrusýn og umhverfi í íslenskum miðaldabókmenntum frá landnámi til siðaskipta rannsökuð með hliðsjón af fræðilegri nýsköpun umhverfishugvísinda. Hvernig breytist náttúrusýn og skilningur á náttúru í kjölfar breytinga á samfélögum og menningu.

Bókaútgáfa, 3 bindi: I fornbókmenntir til siðaskipta; II frá siðaskiptum til nútíma og; III fyrstu aldir vísindalegrar aðferðarfræði til 1900.

Samstarf við Snorrastofu í Reykholti o.fl.

RANNSÓKNIR – ÚTGÁFA – MIÐLUN

Elsti trébátur á Íslandi

Umsjón: Bjarni F. Einarson & Hilmar J. Malmquist

Haustið 2018 fundust óvænt í Þingvallavatni leifar af gömlum trébáti. Flakið kom fram í köfunarferð vegna myndatöku fyrir sýningu Náttúruminjasafnsins í Perlunni.

Frumrannsókn á flakinu leiddi m.a. í ljós að um er að ræða elstu leifar trébáts í landinu, frá 16. öld.

Í undirbúningi eru frekari rannsóknir með nákvæmum mælingum og myndatökum á bátsleifnunum og smíðinni í heild. Markmiðið er að varpa ljósi á handverks- og menningarsögu á Íslandi og í víðara samhengi. Nota afraksturinn m.a. í sýningahaldi.

Samstarf við Fornleifafræðistofuna ehf.

NÁTTÚRUHÚSIÐ Í NESI – Seltjarnarnesi

Höfuðstöðvar og framtíðaraðsetur Náttúruminjaafnsins

Núverandi bygging 1363 m² auk ca. 2000 m² stækkunar neðanjarðar. Yrki arkitekta ehf.

Framkvæmdir eru að hefjast.

Fyrsti áfangi: Lagfæringar og breytingar á núverandi byggingu – verklok og **opnun áætluð 2023**.

Kostnaður vegna verklegra framkvæda og gerð sýningar um 1,4 ma. kr. Um 600 m.kr. tryggt í ár.



Efnistöð sýningar í mótun:

- Málefni hafsins, fjaran, ströndin, úthafið og lífríki sjávar. Sjóbúr og lifandi verur.
- Hafið og loftslagsmál - hlýnun sjávar, breytingar í vistkerfum, hækkun sjávarstöðu o.fl.
- Jarðsaga Íslands, myndun og mótun lands, með áherslu á stað- og svæðisbundna náttúru o.fl.

NÁTTÚRUHÚSIÐ Í NESI – Seltjarnarnesi

Höfuðstöðvar og framtíðaraðsetur Náttúruminjaafnsins


Efnistöð sýningar í mótun:

- Tengsl náttúruvísinda og læknavísinda – nálægð við Bessastaði, fyrsta bústað landlæknisembættisins, 1762. Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson, Sveinn Pálsson o.fl. Jurtagarður á staðnum.
- Danskt-íslenskt vísindasamstarf og tengsl í sögulegu ljósi síðustu 5 aldir eða svo.
- Sambýli manns og náttúru á Seltjarnarnesi frá landnámi til nútíma. Sjósókn, kornrækt, írskar minjar o.fl.



Samstarfsmöguleikar við Seltjarnarnesbæ um afnot á Gróttu til kennslu.
Samstarfsmöguleikar við Þjóðminjasafn Íslands um afnot á Nesstofu.

TAKK FYRIR!



SARS-COV-2 veira
Severe acute respiratory syndrome coronavirus 2